

Reglugerð

um gjaldtöku smásölugjalda fyrir reikiþjónustu íslenskra fjarskiptafyrirtækja í Bretlandi.

1. gr.

Markmið

Markmið þessarar reglugerðar er að auka neytendavernd á fjarskiptamarkaði og færa gjaldtöku smásölugjalda fyrir reikiþjónustu íslenskra fjarskiptafyrirtækja í Bretlandi til samræmis við Evrópureglur.

2. gr.

Gildissvið

Reglugerðin tekur til allra íslenskra símanúmera og SIM korta sem íslensk fjarskiptafyrirtæki hafa úthlutað til notenda hvort sem um er að ræða í áskrift eða frelsisþjónustu.

3. gr.

Heimaverðskrá

Fjarskiptafyrirtæki skulu bjóða viðskiptavinum sínum heimaverðskrá (e. Roam Like Home) þegar þeir ferðast til Bretlands, enda sé notkunin í samræmi við eðlilegt notkunarmynstur ferðamanns. Þessi regla gildir ekki um viðvarandi reiki (e. Permanent Roaming).

Sömu skilmálar skulu gilda um reikiþjónustu í Bretlandi gagnvart íslenskum notendum sem almennt gilda samkvæmt evrópsku reikiregluverki, þ.m.t. um eðlilegt notkunarmynstur (e. Fair Use).

4. gr.

Reglugerðarheimild og grundvöllur

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 2. mgr. 54 gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og grundvallast á heildsölugjöldum fyrir reikiþjónustu sem kveðið er á um í XX viðauka við Fríverslunarsamning milli Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs og Sameinaða Konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður Írlands frá 8. júlí 2021 sem tók gildi þann 1. júní 2023. Reglugerð þessi tekur þegar gildi 1. Október 2025.

Innviðaráðuneytinu, xxx júlí 2025.

Eyjólfur Ármannson

Ingilín Kristmannsdóttir